



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 18. júní 2009.

Fundur var haldin í Framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar fimmtudaginn 18. júní 2009, kl. 14:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Málefni:

1. Ákvörðun bæjarstjórnar um annan áfanga.
2. Undirbúningur viðræðna við verktaka vegna næsta verkþáttar
3. Næstu skref - framvinda
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1) Bæjarstjórn hefur samþykkt að fela framkvæmdahópi um byggingu sundlaugar framkvæmd á öðrum áfanga byggingar sundlaugar. Nefndin ræddi um með hvaða hætti staðið verði að þeirri framkvæmd. Tæknideild lagði fram drög að verkáætlun ásamt tímaplani.

2) Samþykkt var að ganga til viðræðna við eftirtalda aðila um einstaka verkþætti:

Trésmíði:	Krákur ehf
Trésmíði:	Stígandi ehf
Pípulagnir:	Pípulagnaverktakar og N1píparinn
Stálvirki:	Léttitækni
Rafmagn:	Rafþjónusta H.P.
Málarar:	Maggi málari/Jón Jóhanns/Kristján Péturs
Loftræstilagnir:	Vélsmiðja Alla

Nefndin stefnir að því að niðurstöður viðræðna liggi fyrir eftir viku.

3) Næstu skref eru:

- a) Vinna samkvæmt verkplani og tryggja eðlilega framvindu verksins
- b) Flísalagnir á pottum og sundlaug, tilboð í efni
- c) Afla tilboða í einstaka efnisþætti
- d) Fá tilboð í vinnu við flísalagnir
- e) Bjóða út girðingu við sundlaug
- f) Jarðvegskipta á lóð vegna lóðarfrágangs

4) Önnur mál.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15.00.

Héðinn Sigurðsson, í síma
Guðmundur Haraldsson
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason